

## Umferðarþing 25. nóvember 2004

### **„Umferðarljósíð”, verðlaunagripur Umferðarráðs veittur í sjötta skipti. Ávarp Óla H. Þórðarsonar, formanns af því tilefni.**

Samgönguráðherra, ágætu þingfulltrúar!

Árið 1990 ákvað Umferðarráð að veita á Umferðarþingi einhverjum þeim sem unnið hefði sérstaklega árangursríkt eða eftirtektarvert starf á sviði umferðaröryggismála sérstök verðlaun.

Leitað var til Sigmars Ó. Maríussonar gullsmíðs og smíðaði hann farandgrip úr silfri með merki Umferðarráðs og grænu ljósi sem tákna skyldi tengsl þess við umferðina og umferðarljósinn.

Á fyrsta Umferðarþingi, árið 1990, hlaut Slysavarnafélag Íslands Umferðarljósíð, árið 1993 Landssamband íslenskra akstursípróttafélaga, 1996 Vátryggingafélag Íslands, árið 2000 Sjóvá-Almennar tryggingar og á síðasta Umferðarþingi var viðbragðsaðilum á vettvangi umferðarslysa veitt þessi sérstaka viðurkenning Umferðarráðs.

Megintilgangur verðlaunanna er að hvetja til góðra og þýðingarmikilla starfa sem stuðla að betri og öruggari umferð. „Umferðarljósíð” skal veita einstaklingi, félagi, fyrirtæki, samtökum, stofnunum eða öðrum þegar ástæða þykir til og fer sú athöfn fram á Umferðarþingi. Handhafi „Umferðarljóssins” varðveitir gripinn til næsta Umferðarþings.

Í úthlutunarnefnd sitja, auk þess sem hér talar, meðstjórnendur mínir í Umferðarráði, þeir Björn Ágúst Björnsson varaformaður og Runólfur Ólafsson og Halla Halldórsdóttir, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga í Umferðarráði. Nefndin óskaði eftir tilnefningum frá ráðsmönnum og auk þess skiluðu nokkrir starfsmenn Umferðarstofu tillögum um verðugan verðlaunahafa.

Skemmst er frá að segja að nefndinni bárust, eins og alltaf áður, margar og góðar ábendingar og stóð frammi fyrir erfiðu vali. Allir þeir sem tilnefndir voru komu fyllilega til greina, en eins og ávallt er aðeins einn útvalinn. Má glögg sjá á þessum vel rökstuddu ábendingum hve margir aðilar vinna mikið og óeigingjarnt starf á sviði umferðaröryggismála sem ástæða er til að þakka heilshugar.

Mér er sérstök ánægja að tilkynna að viðurkenning Umferðarráðs árið 2004, „Umferðarljósíð”, er veitt „ND á Íslandi ehf”. Þetta merkilega fyrirtæki var stofnað árið 2000, en það ár voru banaslys því miður mjög mörg. Fjórir ungir menn ákváðu að gera eitthvað róttækt til þess að sporna við þessum hræðilegu slysum og vildu hreinlega leggja lóð sín á vogarskálar aukins umferðaröryggis. Þessir heiðursmenn eru,

Vilhjálmur Andri Einarsson  
Sigurjón Óskarsson  
Guðmundur Grétar Sigurðsson og  
Þórólfur Gunnarsson, framkvæmdastjóri.

Síðan hafa gengið til liðs við þá félagar þeir

Höskuldur Þór Arason  
Friðgeir Jónsson og  
Magnús Friðgeirsson, sem er stjórnarformaður fyrirtækisins.

Afrakstur af starfi þessara ágætu frumkvöðla er fyrirtækið ND á Íslandi, sem framleiðir ökurita sem hlotið hefur það þjóðlega nafn, SAGA. SAGA ökuritinn hefur sannað ágæti sitt svo um munar hjá yfir 30 fyrirtækjum, en það sem úthlutunarnefnd Umferðarljóssins leit fyrst og fremst á er framlag hans í þágu aukins umferðaröryggis. Leyfi ég mér hiklaust að halda því fram að SAGA hafi haft mikil áhrif á þá ökumenn sem hann hafa notað, og má í því sambandi nefna að hann hafi:

Dregið úr umferðarhraða  
Stuðlað að bættri tillitssemi og umferðarmenningu  
Dregið úr kærulausu aksturslagi  
Gert fólk ábyrgara fyrir hegðun sinni í umferðinni og fækkað slysum og tjónum með auknu aðhaldi.

Þar að auki hefur þessi ágæti búnaður  
Lækkað rekstrarkostnað viðkomandi bifreiða  
Minnkað útblástur frá ökutækjum  
Minnkað hjólbarðaslit  
Minnkað svifryk vegna minna slits á malbiki  
og síðast en ekki síst  
bætt ímynd þeirra fyrirtækja sem hann hafa notað.

Til nánari skýringa þá skráir SAGA upplýsingar á hverri sekúndu sem farartækið er í akstri og getur því sýnt staðsetningu, tíma, stefnu, hraða, hröðun, hemlun, miðflóttakraft í beygjum, akstursleiðir á götukorti, tíma sem ökutækið er í akstri, hvar það er staðsett í kyrrstöðu, heildarvegalengd á skráningartíma og lausagang bifreiða, svo það helsta sé nefnt.

Búnaðurinn var notaður í rannsóknarverkefni sem Rannum styrkti árin 2002 og 2003 þar sem hættulegar beygjur voru mældar á Þjóðvegi 1 og síðan voru allar hættulegar beygjur á Vesturlandi og í Árnassýslu skráðar sérstaklega.

ND stendur nú í stórræðum í erlendri markaðssetningu, m.a. í Svíþjóð, Bandaríkjunum og í Bretlandi og er að verja einkaleyfi á þróunarverkefni sínu sem tekur mið af þeirri góðakstursformúlu sem er undirstaðan í SAGA ökuritanum.

Ég vil biðja þá ND- menn alla, sem hér eru staddir að koma hér upp, svo og samgönguráðherra, Sturlu Böðvarsson. Kæru frumkvöðlar, „Umferðarljósið”, eigið þið sannarlega skilið fyrir ykkar merka framlag til aukins umferðaröryggis. Með fylgir áletraður steinn til eignar, sem minnisvarði þess að þið hafið hlotið þessa viðurkenningu. Njótið vel. Bestu hamingjuóskir.

